



Ágæti sjóðfélagi!

Eignir námu 283 milljörðum í árslok 2009 samanborið við 249 milljarða árið áður. Stærstur hluti eigna lífeyrissjóðsins er í traustum verðbréfum. Á liðnu ári bárust áframhaldandi fréttir af erfiðri stöðu innlendra banka, sparisjóða og ýmissa fjárfestingarfyrirtækja. Það hefur leitt til aukinnar niðurfærslu á skuldabréfaeign sem hefur haft áhrif á ávöxtun sjóðsins. Á móti hafa erlendir hlutabréfamarkaðir tekið við sér og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 30% á árinu.

Starfsemi 2009

Afkoma

Ávöxtun á árinu 2009 var 10,0% sem samsvarar 1,2% raunávöxtun. Ávöxtun, þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 9,9% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun.

Eignir og iðgjöld

Eignir sjóðsins námu 283,2 milljörðum í árslok samanborið við 248,8 milljarða árið áður. Á árinu greiddi alls 47.661 einstaklingur iðgjald til sjóðsins. Þar af voru 32.305 virkir sjóðfélagar. Virkir sjóðfélagar eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals greiddu 7.152 fyrirtæki iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 16 milljörðum.

Lífeyrisgreiðslur

Á árinu 2009 nutu 9.348 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 5,9 milljarðar. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,9% á árinu og lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 22,2%. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingu vísitölu neysluverðs.

Fjárfestingar

Á liðnu ári var 35,3 milljörðum ráðstafað til lánveitinga og verðbréfakaupa. Lánveitingar til sjóðfélaga og önnur fasteignaveðtryggð lán námu 3,7 milljörðum. Keypt voru skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs fyrir 19,0 milljarða. Þar af voru keypt skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 14,6 milljarða og önnur ríkistryggð skuldabréf fyrir 4,4 milljarða. Kaup á skuldabréfum sveitarfélaga og fyrirtækja með ábyrgð sveitarfélaga námu 3,8 milljörðum. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 0,7 milljarðar. Kaup innlendra hlutabréfa námu 0,9 milljörðum og sala 0,2 milljörðum. Kaup erlendra verðbréfa námu 7,9 milljörðum og sala 9,7 milljörðum.

Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið setur er kostnaði við rekstur sjóðsins skipt upp í fjárfestingargjöld annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar. Fjárfestingargjöld námu 274 milljónum á liðnu ári. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 178 milljónum. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður námu því samanlagt 452 milljónum sem samsvarar 0,16% af eignum.

Verðbréfasafn sjóðsins í árslok skiptist í innlend skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs 25,1%, lán til sjóðfélaga 14,0%, önnur skuldabréf 11,7%, bankainnstæður 12,7%, innlend hlutabréf 1,6% og erlend verðbréf 34,9%.

Lækkun réttinda og lífeyrisgreiðslna um 10%


Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur ákveðið að leggja til við aðildarsamtök sjóðsins að lækka greiðslur til lífeyrisþega um 10% frá og með 1. júlí 2010 og að áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 10% frá 1. janúar 2010. Þessi ráðstöfun er bein afleiðing yfirstandandi fjármálakreppu sem því miður hefur komið niður á ávöxtun eigna sjóðsins.

Tryggingafræðileg athugun á sjóðnum, sem miðuð var við árslok 2009, leiddi í ljós að heildareignir, samanborið við heildarskuldbindingar hans, eru neikvæðar um 10,8%. Lög um starfsemi lífeyrissjóða mæla fyrir um að eignir þeirra og skuldbindingar til framtíðar þurfi að standast á, þó heimilt sé að víkja frá því tímabundið. Því er ljóst að lagfæra þarf tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og endurskoða lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur, eins og nú hefur verið lagt til. Þetta er lífeyrissjóðnum erfitt skref að taka, enda í fyrsta sinn frá stofnun sjóðsins árið 1956 sem greiðslur til lífeyrisþega eru lækkaðar.

Lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 9% umfram verðlagsbreytingar

Lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum hafa hækkað meira en sem nemur hækkun launavísitölu síðastliðinn áratug, eins og sést á meðfylgjandi mynd. Lækkun lífeyrisgreiðslna um 10% samsvarar því hækkun lífeyrisgreiðslna vegna verðtryggingar ársins 2009 og það sem af er árs 2010.

Á tímabilinu 1997 til ársins 2009 voru lífeyrisréttindi sjóðfélaga hækkuð í þremur áföngum um 21,1% umfram verðlagsbreytingar. Eftir lækkunina nú nemur þessi hækkun 9%.



Séreignardeild - innlánsleið

Vakin er athygli á nýlegri ávöxtunarleið í séreignarsparnaði hjá sjóðnum, svokallaðri innlánsleið. Í innlánsleið er lögð áhersla á að ávaxta séreignariðgjöldin í verðtryggðum innlánnum banka og sparisjóða. Ávöxtun innlánsleiðar á liðnu ári var 11,9% sem samsvarar 3,0% raunávöxtun.

Innlánsleið er helst ætluð þeim sem hafa hafið úttekt lífeyrissparnaðar eða gera ráð fyrir því að hefja úttekt hans innan fárra ára.

Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 17. maí kl. 18.15 á Grand Hótel.

*Með kveðju,
Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri*